Nd. **104. Nefndarálit**

um frv. til l. um sölu þjóðjarðanna Ólafsvíkur og Ytri-Bugs.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, sem er í samræmi við þá afgreiðslu, sem frumvörp um sölu þjóðjarða hafa fengið að undanförnu.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Lönd þau, er Ólafsvíkurhreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt er honum að leigja þau, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er samþykkt sé af ríkisstjórn.

Alþingi, 21. ágúst 1942.

Garðar Þorsteinsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, frsm.

Gísli Guðmundsson. Jörundur Brynjólfsson.